

87.fundur Hverfisnefndar Holta og hlíðahverfis

Haldinn í Glerárskóla 8.september 2015 kl.18:15

Mættir eru: Berglind Rafnsdóttir, Helgi Stefánsson, . Sigurður Magnússon og Sigrún Elva Briem. Páll Árdal er fjarverandi.

Fyrst var farið yfir sumarið og hvað hafði verið að gerast í hverfinu okkar.

1. Akureyrarvaka

Bréf frá Dagnýju Harðardóttur um undirbúning fyrir Akureyrarvöku 2015 barst nefndinni 1.júní 2015. Spurt var hvort hverfisnefndir myndu hafa sama snið og var árinu áður með lautarferð í görðum bæjarins. Póstur gekk á milli nefndarmanna sem ræddu að hægt væri að hafa slíka lautarferð í Kvenfélagsgarðinum, hafa kaffi, kannski hoppukastala og blöðrur ásamt stólum og borðum. Ekkert varð þó úr því þar sem ekki var auglýst í Auglýsingu Akureyrarbæjar um Akureyrarvöku slíkar lautarferðir.

2. Frisbee völlurinn

Þann 17.júní fóru póstar að fljúga á milli manna vegna vallarins. Völlurinn komst upp, 3 brautir vestan við Glerárskóla, 1 norðan við og 2 austan við skólann sem enda í 3 brautum í Kvenfélagsgarðinum. Hefur Glerárskóli nú þegar nýtt sér aðstöðuna og keypt nokkra frisbee diska til að eiga fyrir nemendur. Einnig var mikil notkun á vellinum um verslunarmannahelgina. Rætt um hvort endanlega sé búið að gera völlinn og ætla nefndarmenn að prófa völlinn fyrir næsta fund. Sigurður talar um að færa þurfi kannski holur og hvar tilkynningarspjaldið skuli vera.

3. Erindi frá íbúa

Þann 31.ágúst barst erindi frá íbúa um leikvöll í Bakkahlíð. Umræddur leikvöllur er malarvöllum með fótboltavöllum ásamt öðrum velli ofan við sem er með leiktækjum. Spurt er hvort rætt hafi verið í hverfisnefnd að láta fjarlægja fólboltamörk sem eru á malarfótboltavellinum og láta malbika þennan hluta. Telur íbúinn að þá muni notkun á þessu svæði aukast til muna, kannski hægt að setja upp körfuspjöl og börn geti verið á línuskautum og þess háttar. Nú spyrjum við: Er þetta mögulegt ?

4. Höfðahlíð – nýbygging

Nefndarmenn hafa að sjálfsögðu tekið eftir að byrjað er að grafa við Höfðahlíð fyrir nýju raðhúsi og hafa af því áhyggjur að nýlagaður róluvöllur verði fyrir tjóni við byggingu hússins. Nefndarmenn vilja minna á að við yfirferð á deiluskipulagi hverfisins höfðu nefndarmenn áhyggjur af þessum reit en skipulagsdeild fullyrta að róluvöllur yrði óhreyfður þó svo byggt yrði þarna. Við höfðum líka áhyggjur af umferð við húsið en ekki vildi skipulagsdeild telja að hún myndi verða til ama. Skoðun aftur deiluskipulagið á næsta fundi.

5. Sparkvöllur við Glerárskóla

Spurt er: Af hverju er ekki ljós á vellinum á kvöldin? Útivistarreglur segja skólakrakkana inn kl.22:00 og myndum við vilja sjá ljós á vellinum til þess tíma.

6. Verkefni vetrarins

Nefndarmenn eru sammála um að engin ný verkefni verði sett af stað í vetur. Við ætlum að yfirfara verkefni þau sem við erum búin að setja af stað og hvaða svör við höfum fengið við

þeim erindum sem við höfum sent inn. Einnig hvort búið sé að sinna því sem beðið hefur verið um. Vonandi koma svo erindi frá íbúum hverfisins inn á okkar borð. Verkefnið „skilti á gömul hús“ verða áfram í vetur en hættir svo í lok þessa starfsárs. Umræðunni um að fá uppsett grill í Kvenfélagsreitinn og Seljahlíðarreitinn verður haldið áfram og útlistun á hvar þau eiga að vera og hvernig grill við viljum. Tekið fyrir betur á næsta fundi. Formaður ætlar að koma til fundarmanna yfirliti yfir allar beiðnir okkar til Akureyrarbæjar og svörum við þeim en áætlað er að fara ýtarlega yfir hvert og eitt atriði sem beðið hefur verið um frá hverfisnefnd.

Margt rætt en ekki fært til fundar.

Næsti fundur þriðjudaginn 6.október kl. 18:15